

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2004.

Sauðárkróki, 16. desember 2003.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2004.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2004 verður 25,75%. Meðalútsvar á árinu 2004, samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,83%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2004 verður því 38,58%.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jón Guðmundsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er arfur skv. erfðaskrá Guðmundu Andrésdóttur, kt. 031122-2449. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við hann og ávaxtast með sama hætti (sbr. 3. gr.).